

Ár 2025, þriðjudaginn 2. desember er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands
kærumál nr. 3/2025

Handknattleiksdeild Víkings

gegn

Handknattleiksdeild Vals/Knattspyrnufélaginu Val

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er höfðað og þingfest með kæru sem barst skrifstofu HSÍ þann 24. nóvember 2025 og var kærán móttækin á skrifstofu HSÍ þann sama dag.

Málið var tækt til meðferðar og kæru skilað innan tilsettra tímamarka.

Smára Hilmarssyni var úthlutað málið til meðferðar.

Í framhaldinu beindi dómari áskorun til Handknattleiksdeildar Vals (hér eftir Valur) að halda uppi vörnum í málinu með vísan til 37. greinar laga HSÍ og skila greinargerð í málinu.

Þá gaf dómari HSÍ kost á að skila inn sínum athugasemdum eða gera kröfur.
HSÍ upplýsti að sambandi myndi ekki aðhafast í málinu.

Greinargerð barst frá Val þann 28. nóvember.

Eftir að greinargerðin barst var hún send Handknattleiksdeild Víkings (hér eftir Víkingur) og aðilar inntir eftir því hvort þeir töldu þörf á að halda sérstakt þinghald í málinu og hvort þörf væri á munnlegum flutningi.

Aðilar töldu ekki þörf á þinghaldi og samþykktu að málið yrði skriflega flutt. Þá komu báðir aðilar að frekari athugasemdum sínum.

Þá tók dómurinn símaskýrslu af öðrum dómara leiksins Árna Þ. Þorvaldssyni.

Ofangreind gögn eru því dómsgögn málsins.

Kröfur og málsatvik

Aðilar deila um málsatvik í málinu.

Víkingur byggir á því að að í leik Víkings og Vals 2 í Grill66 deild karla í handbolta, sem fram fór þann 23. nóvember í Safamýri, heimavelli Víkings, hafi “rangur” leikmaður Vals yfirgefið völlinn eftir að dómarar gáfu leikmanni Vals 2 brottvísun.

Með kæru Víkings var lögð fram myndbandsupptaka af umræddu atviki.

Í kærú Víkings kemur fram að þrátt fyrir ábendingar af bekk og frá leikmanni hafi þetta ekki verið leiðrétt af hálfu dómara eins og fram kemur í kærinni.

Í greinargerð Vals er því haldið fram að “réttur” leikmaður hafi yfirgefið völlinn og að engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu viðstaddra.

Leiknum lauk með sigri Vals 2, 31-29.

Í kærú Víkinga er vísað til þess að sá leikmaður sem vísa hefði átt af velli, að mati kæranda, hefði í framhaldinu átt þátt í flestum lykilatriðum liðs Vals eftir atvikið, og þá er vísað til þess að leikmaðurinn hefði fengið sína 3ju brottvísun og því ekki átt að halda áfram leik.

Það sem um er deilt í málinu er í grunninn hvort þau atvik sem málið varða falli undir framkvæmd leiksins eða undir ákvarðanir dómara.

Víkingur vísar í kærú sinni til leikreglna IHF, 16:4, 16:5, 16:6 og 16:8, en þær varða allar réttaráhrif brottvísunar.

Byggja Víkingar kröfugerð sína á því mistök dómara hafi verið andstæð skýrum og ófrávíkjanlegum leikreglum IHF sem gildi um handknattleik hér á landi.

Aðalkrafa Víkings er á þann veg að ógildur verði leikur Víkings og Vals 2 í Grill66 deild karla í handbolta, sem fram fór þann 23. nóvember sl. í Safamýri, og hann endurtekinn.

Valur mótmælir málsástæðum Víkings og byggir á því að ákvörðun dómara hafi verið rétt og vísar til þess að það sæti furðu ný afstaða kæranda hvað það varðar að ákvörðun dómara hafi ekki verið rétt.

Vísar Valur til greinar 17:11 sem kveður á um að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra og staðreyndum séu endanlegar. Aðeins megji kæra ákvörðun sem ekki séu í samræmi við leikreglur. Þá vísar Valur til 16. greinar reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn sem kveður á um að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggðar séu á mati hans á stöðunni hverju sinni.

Aðalkrafa Vals er að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Niðurstaða

Í máli þessu byggir Víkingur kröfur sínar á því að leikdómarar hafi farið út fyrir þær leikreglur sem þeim beri að fara eftir við dómgæslu leiksins. Byggir Víkingur á því að ákvörðun dómara feli í sér óumdeild og bersýnilegt brot á framkvæmd leiks Víkings og Vals 2. Ákvörðun dómara hafi haft afgerandi áhrif á úrslit leiksins og því beri að endurskoða ákvarðanir dómara að þessu leyti, úrskurða leik ógildan og láta endurtaka hann eins og fram kemur í kærinni.

Valur hafnar framsetningu Víkings og mati á þeim leikreglum sem Víkingur vísar til.

Úrlausnarefni dómsins er mat á því hvort ákvarðanir dómara leiksins komi til endurskoðunar hjá dómstólnum.

Í grein 17:11 leikreglna IHF segir:

Ákvarðanir dómara byggðar á sýn þeirra á staðreyndum eða mati þeirra eru endanlegar. Aðeins má áfrýja þeim ákvörðunum sem eru ekki í samræmi við leikreglurnar. Meðan á leik stendur má aðeins „ábyrgur liðsfulltrúi“ ávarpa dómarana.

Þá kemur fram í 16. grein Reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn:

Kærur. Ekki er hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki.

Að mati dómsins verður í máli þessu að horfa til ákvarðana dómara leiksins og þeirra ákvarðana sem þeir tóku. Ákvörðun dómara um að vísa leikmanni nr. 29 af velli var þeirra ákvörðun sem er endanleg og kemur ekki til endurskoðunar af hálfu Dómstóls HSÍ.

Það er því niðurstaða dómsins að hafna beri kröfum kæranda í málinu á þeim grundvelli.

Dómurinn þarf því ekki að taka afstöðu til annarra atriða þar sem sem niðurstaðan tæmir sök í málinu.

Valur gerir kröfu um málskostnað úr hendi kæranda. Krafan á sér stoð í 4. tölulið 1. mgr. 45. greinar laga HSÍ en þar kemur fram að dæma megi málskostnað ef málsgrundvöllur er tilefnislaus. Með hliðsjón af úrslitum málsins verður Val ákvarðaður málskostnaður eins og í dómsorði greinir.

DÓMSORÐ:

Kröfum kæranda, Handknattleiksdeildar Víkings er hafnað.
Kærandi greiðir Handknattleiksdeild Vals kr. 50.000 í málskostnað.

E.h. Dómstóls HSÍ
Smári Hilmarsson

